

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Þroskaþjálfafélags Íslands (ÞÍ) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) mánudaginn 26. apríl 2021 í fjarfundi kl. 11.00.

Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Launaröðun þroskaþjálfara

Fulltrúar ÞÍ gera athugasemd við launaröðun þroskaþjálfara sem raðað er í starfsheitið þroskaþjálfari í leik- og grunnskóla. Þroskaþjálfinn ber ábyrgð á sérkennslu í leikskóla sveitarfélags.

Niðurstaða:

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna, samþykkir samstarfsnefnd að viðkomandi þroskaþjálfari raðist sem yfirþroskaþjálfari í grunnskóla/leikskóla (BHM 56) í launaflokki 163 frá 1. júní 2018.

2. Launaröðun forstöðuþroskaþjálfara í frístund/lengdri viðveru

Fulltrúar ÞÍ gera athugasemd við launaröðun forstöðuþroskaþjálfara á vernduðum vinnustað og telja að starfsmaður eigi að raðast sem forstöðuþroskaþjálfari 1.

Auglýst var eftir forstöðumanni. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélagi er starfið undir stjórn fagstjóra málaflokks og forstöðumanns málaflokks. Ekki var gerð krafa um viðbótarmenntun eða víðtæka reynslu í auglýsingu.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS leggja til að starfið fari í endurmat samkvæmt reglum þar að lútandi.

3. Launaröðun þroskaþjálfara

Fulltrúar ÞÍ gera athugasemd við launaröðun þroskaþjálfara í málefnum fatlaðra og telja að starfsmaður eigi að raðast sem ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks eða ráðgjafarþroskaþjálfari.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS hafa samband við sveitarfélag vegna frekari upplýsinga. Afgreiðslu frestað.

4. Bókun 9 í kjarasamningi

Í kjarasamningi aðila frá árinu 2020 er svohljóðandi bókun:

BÓKUN 9 [2020] Um starfsþróun þroskaþjálfra í grunnskólum

Aðilar eru sammála um að skipa vinnuhóp með þremur aðilum frá Þroskaþjálfafélagi Íslands og þremur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir stöðu endurmenntunar þroskaþjálfra í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að tryggja þurfi þroskaþjálfum gott svigrúm til að sinna símenntun og starfsþróun sem sniðin er að þeirra starfi og skilgreind er í sérákvæði 1, 2. grein. Vinnuhópur skal hefja störf í janúar 2021.

Fyrir hönd ÞÍ hafa eftirtaldir aðilar verið skipaðir í vinnuhóp:

Karen Erlingsdóttir vinnur í grunnskóla á Selfossi

Sóley Veturliðadóttir vinnur í grunnskólanum á Ísafirði

Pórunn Guðrún Einarsdóttir vinnur í grunnskóla í Kópavogi

Jafnframt mun Laufey Gissurardóttir vera tengiliður vinnuhóps.

Fyrir hönd SNS eiga eftirtaldir aðildar sæti í vinnuhóp:

Inga Rún Ólafsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Bjarni Ómar Haraldsson

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40